

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 17. marz 1959.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Friðjón Skarphéðinsson.*

um viðauka við lög nr. 64 2. sept. 1955, um lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 16. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar, svo hljóðandi:

Nú verður sjóðfélagi að láta af stöðu sinni vegna heilsubreysts, en tekur síðar aftur við starfi, sem veitir aðgang að sjóðnum, og er honum þá heimilt að kaupa sér réttindi fyrir þann tíma, sem úr hefur fallið. Þegar svo stendur á, að sjóðfélagi verður sökum heilsubreysts að láta af stöðu sinni, en tekur þá eða síðar við lægra launuðu starfi, má reikna eftirlaun hans af því starfinu, sem hærra var launað, enda hafi hann greitt iðgjöld samkvæmt því. Stjóra sjóðsins getur krafizt vottorðs tryggingayfirlæknis til sönnunar því, að sjóðfélaginn verði að láta af stöðu sinni vegna heilsubreysts.

Þeir, sem gerðust sjóðfélagar, áður en lög nr. 32 14. maí 1955 tóku gildi, halda rétti þeim, er lög nr. 101 30. des. 1943, 12. gr., veittu þeim til að krefjast greiðslu ellilífeyris úr sjóðnum, er samanlagður aldur þeirra og þjónustutími nemur 95 árum, enda hafi þeir fullnægt þeim skilyrðum, sem þeirri reglu fylgdu samkvæmt eldri lögum, þar á meðal um greiðslu iðgjalda í lífeyrissjóðinn, unz greindu tíma-marki er náð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört að Bessastöðum, 20. marz 1959.*

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

*Guðm. Í. Guðmundsson.*